



Fréttatilkynning  
frá  
skrifstofu forseta Íslands

## FUNDUR MEÐ FORSETA KÍNA SPECIAL OLYMPICS

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson mun á morgun, þriðjudaginn 2. október, eiga fund með forseta Kína Hu Jintao í Shanghai og vera um kvöldið viðstaddur opunarhátíð Heimsleika Special Olympics.

Forseti Íslands verður í Kína í boði forseta Kína og mun auk þátttöku í Special Olympics meðal annars heimsækja Xianyang þar sem Íslendingar eru í samvinnu við Kínverja um byggingu hitaveitu og einnig hafnarborgina Qingdao þar sem mörg íslensk fyrirtæki hafa haslað sér völl. Undir lok heimsóknar sinnar til Kína mun forseta heimsækja Shenzhen borg en ferðinni lýkur í Hong Kong.

Special Olympics eru íþróttahátíð seinfærra og þroskaheftra íþróttamanna og munu um 8.000 þátttakendur frá 165 löndum taka þátt í leikunum. Fjöldmenn sveit Íslendinga verður þar á meðal en Íþróttasamband fatlaðra hefur skipulagt þátttöku þeirra. Special Olympics samtökin voru stofnuð af Eunice Kennedy-Shriver, systur John F. Kennedy Bandaríkjaforseta, og hafa þau á undanförunum áratugum orðið ein öflugasta íþróttá- og samhjálpahreyfing í veröldinni. Þau hafa átt ríkulegan hlut í að gjörbreyta viðhorfum til getu þroskahefts fólks. Forseti Íslands hefur á undanförunum árum setið í heimsstjórn Special Olympics.

Heimsleikarnir í Shanghai verða stærsta íþróttahátíð heims á árinu 2007 og mun forseti Kína Hu Jintao setja leikana. Í tengslum við þá verður ráðstefna um framtíðarþróun íþróttastarfs meðal þroskahefts fólks og hvernig það getur stuðlað að aukinni samhjálp og gagnkvæmum skilningi

meðal þjóða heims. Meðal þátttakenda í ráðstefnunni verður fjöldi áhrifamanna og sérfræðinga víða að úr veröldinni. Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson hefur ásamt Deng Pufang, formanni Íþróttasambands fatlaðra í Kína, annast undirbúning ráðstefnunnar. Deng Pufang er sonur Deng Xiaoping sem var á sínum tíma leiðtogi Kínverja og kom á grundvallarbreytingum í efnahagskerfi landsins.

Á fundi forseta Íslands með forseta Kína Hu Jintao á morgun verður fjallað um samvinnu þjóðanna á ýmsum sviðum meðal annars hvernig Íslendingar geta lagt Kínverjum lið í baráttunni gegn vaxandi mengun í stórborgum Kína og þá einkum með nýtingu hreinna orkulinda sem víða má finna í landinu. Einnig verður rætt um þann árangur sem náðst hefur á sviði viðskipta og vísinda í kjölfar opinberrar heimsóknar forseta Íslands til Kína fyrir tveimur árum.

*1. október 2007*

*Nánari upplýsingar veita Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028), Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946) og skrifstofa forseta Íslands (540 4400).*

*Vefsíða Special Olympics: [www.specialolympics.org](http://www.specialolympics.org).*